



Ferðamálastofa

Lækjargata 3 • 101 Reykjavík
Sími 535 5500 Fax 535 5501
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Strandgata 29 • 600 Akureyri
Sími: 464 9990 Fax: 464 9991
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/2214
komudagur 15.4.2008
Reykjavík 11. apríl 2008


Efni: Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, 374. mál.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags., 26. febrúar 2008 þar sem óskað er umsagnar Ferðamálastofu um frumvarp til skipulagslaga, 374. mál.

Ferðamálastofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið, en fagnar því að í greinargerð um frumvarpið sé í umfjöllun um 10. gr. sérstaklega vísað til ferðaþjónustu, þar sem gert er ráð fyrir því að setja fram í landsskipulagsáætlun stefnumörkun um landnotkun á tilteknum svæðum, s.s. á miðhálandi Íslands, sem gæti orðið leiðarljós fyrir uppbyggingu vegna ferðamanna.

Áréttað er mikilvægi þess að í skipulags- og landnýtingaráætlunum sé byggt á þeirri grundvallarhugsun að útivist og ferðaþjónusta felur í sér landnýtingu með sama vægi og önnur landnýting.

Virðingarfyllst,
f.h. Ferðamálastofu


Auðbjörg Lía Guðafsdóttir,
lögfræðingur